

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 1968 og að fenginni tillögu borgarráðs, hefur verið ákveðið að banna vinstri beygju af Laufásvegi inn á Hringbraut til austurs.

Ákvörðun þessi tekur gildi 23. september 1986.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 5. september 1986.

Böðvar Bragason.

15. september 1986

Nr. 399

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 628 30. desember 1980 um jöfnunargjald
með síðari breytingum.

1. gr.

Við upptalningu tollskrárnúmera í 1. gr. reglugerðarinnar bætist tollskrárnúmer 84.17.10 og 85.12.10. Jöfnunargjald skal þó ekki greitt af hitastautum í tnr. 85.12.10.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 4. gr. laga nr. 79 23. desember 1980 um jöfnunargjald til að öðlast gildi frá og með 1. október 1986.

Fjármálaráðuneytið, 15. september 1986.

F.h.r.

Sigurgeir Jónsson.

Sigurgeir A. Jónsson.

15. september 1986

Nr. 400

AUGLÝSING

um niðurfellingu tolls af geymavatnshiturum, gegnstreymisvatnshiturum og hitavatnsdunkum.

1. gr.

Ráðuneytið hefur ákveðið að fella niður toll af geymavatnshiturum, gegnstreymisvatnshiturum og hitavatnsdunkum sem flokkast í tnr. 84.17.10 og 85.12.10 í 1. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o.fl. Sérstakt tímabundið vörugjald fellur jafnframt niður af þessum vörum.